



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019**1. Viðauki vegna flutnings á fjárheimildum Hverfaráða**

Lagt er til að fjárheimildir vegna hverfisráða 59.166 þ.kr. verði fluttar frá Velferðarsviði til Mannréttindaskrifstofu vegna flutnings á verkefnum.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
RHS	xxxx	Mannréttindaskrifstofa	Til	59.166
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Frá	-59.166
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Stýrihópur um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverisráð lagði fram tillögu um að hverfisráð yrðu vistuð hjá Mannréttindaskrifstofu til að unnt væri að tryggja samræmingu milli vinnu íbúaráðanna, eftirfylgni vinnu ráðanna innan stjórnarsýslunnar ásamt því að tryggja að þekkingu á starfi íbúaráðanna innan stjórnarsýslu borgarinnar. Tillagan var lögð fram á 5544 fundi borgarráðs, 2. maí 2019. R18030194.

2. Viðauki vegna eingreiðslu til Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍH

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 3.241 þ.kr. vegna eingreiðslu til félagsmann FÍH vegna innágreiðslu á væntanlegan kjarasamning samkvæmt samkomulagi samninganefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) þann 9. júlí 2019.

Breytingin verði fjármögnuð af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og færist með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til	3.241
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður (ÖNN)	Frá	-3.241
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 3. júlí s.l. höfðu aðilar gengið frá samkomulagi sín á milli um endurnýjaða viðræðuáætlun sem fól í sér að þann 1. ágúst 2019 yrði hverjum félagsmanni FÍH greidd innágreiðsla kr. 132.000 á væntanlegan kjarasamning er verði metinn sem hluti af kostnaðaráhrifum hans og kjarasamningsgerð yrði lokið 15. september 2019. Með nýja samkomulaginu er fyrirhugaðri eingreiðslu þann 1. ágúst n.k. frestað til 1. október 2019 og samhliða stefnt að því að kjarasamningagerð aðila verði lokið fyrir 15. nóvember 2019.

3. Viðauki vegna endurmats á störfum hjá VEL

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 58.088 þ.kr. vegna endurmats á starfsheitum. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2019.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	58.466
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður (ÖNN)	Frá	-58.466
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Starfsmat varðar stöðugildi deildarfulltrúa hjúkrunarheimila, félagsráðgjafa Barnaverndar, ráðgjafa Barnaverndar, ráðgjafa félagsþjónustu og teymisstjórar sértækrar búsetu.

„**Endurmat á starfi, félagsráðgjafi Barnavernd**, var samþykkt á fundi Starfsmatsnefndar þann 25.06.2019. Grunnlaunaflokkur hækkaði úr 280-284. Gildistími á afturvirkni skv. reglum Starfsmats er frá og með þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim, þ.e. frá og með 24.01.2019.

Endurmat á starfi, ráðgjafi Barnavernd, var samþykkt á fundi Starfsmatsnefndar þann 3.9.2019. Grunnlaunaflokkur hækkaði úr 280-284. Gildistími á afturvirkni skv. reglum Starfsmats er frá og með þeim tíma sem beiðni um endurmat barst þeim, þ.e. frá og með 01.02.2019.

Nýtt starf, deildarfulltrúi hjúkrunarheimili, var stofnað 01.02.2014. Starfið fór í mat og niðurstaða var samþykkt á fundi Starfsmatsnefndar þann 18.9.2018. Grunnlaunaflokkur hækkaði úr 240-245. Gildistími á afturvirkni skv. reglum Starfsmats er frá og með stofnun starfsins, þ.e. frá og með 01.02.2014.

Nýtt starf, ráðgjafi HMFP, var stofnað 01.09.2018. Starfið fór í mat og niðurstaða var samþykkt á fundi Starfsmatsnefndar þann 13.08.2019. Grunnlaunaflokkur hækkaði úr 273-276. Gildistími á afturvirkni skv. reglum Starfsmats er frá og með stofnun starfsins, þ.e. frá og með 01.09.2018.

Nýtt starf, teymisstjóri sértækrar búsetu, var stofnað 01.07.2015. Starfið fór í mat og niðurstaða var samþykkt á fundi Starfsmatsnefndar þann 15.10.2018. Grunnlaunaflokkur hækkaði úr 271-273. Gildistími á afturvirkni skv. reglum Starfsmats er frá og með stofnun starfsins, þ.e. frá og með 01.07.2015.“

4. Viðauki vegna eingreiðslu til KÍ (SFS)

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 263.404 þ.kr. vegna eingreiðslu til félagsmann KÍ vegna innágreiðslu á væntanlegan kjarasamning samkvæmt samkomulagi um endurskoðaða viðræðuáætlun 4. grein.

Breytingin verði fjármögnuð af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og færist með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxxx	Skóla- og frístundasvið	Til 263.404
ÖNN	09126	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -263.404
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur undirritað samkomulag við Kennarasamband Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands, Félags grunnskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Félags leikskólakennara og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um endurskoðun viðræðuáætlunar aðila.

Samkomulagið felur í sér að aðilar munu ræða saman af heilindum með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 30. nóvember 2019.

Vegna þess er að framan greinir eru aðilar sammála um að greiða hverjum starfsmanni í fullu starfi eingreiðslu þann 1. nóvember 2019, að upphæð 105.000 kr. eftir því sem við á fyrir tímabilið 1. júlí eða 1. ágúst til og með 30. nóvember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að ofangreindar fjárhæðir séu hluti fyrirhugaðra launabreytinga á gildistíma hinna endurnýjuðu kjarasamninga og verði metinn sem hluti af kostnaðaráhrifum þeirra.

Með samkomulaginu fylgir eftirfarandi yfirlýsing frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: „Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir því yfir að starfsmenn í fæðingarorlofi fái eingreiðslu samkvæmt 4.gr. meðfylgjandi samkomulags með sama fyrirkomulagi og ákvarðað var á 82. fundi samstarfsnefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara þann 7. júní 2018. Þrátt fyrir ofangreint er áréttað að þessi ákvörðun hefur ekki fordæmisgildi, komi til frekari eingreiðsla með nýjum kjarasamningum aðila.“

5. Viðauki vegna launaþróunartryggingar skv. rammasamkomulagi við aðila vinnumarkaðarins.

Lagt er til að fjárheimildir til íþróttá- og tómsfundarsviðs (ÍTR) verði hækkaðar um 18.047 þ.kr. vegna leiðréttingar á launaþróunartryggingu samkvæmt rammasamkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Er það til viðbótar þeim 17.363 þ.kr. sem samþykktar voru vegna ÍTR á fundi borgarráðs 13. ágúst s.l.

Breytingin verði fjármögnuð af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður, og færist með eftirfarandi hætti:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Íþrótt- og tómstundasvið	Til 18.047
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður (ÖNN)	Frá -18.047
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu og ekki er þörf á jafnréttisskimun vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þann 15. ágúst var samþykkt neðangreint samkomulag. Í ljós kom að framlag til ÍTR var vanreiknað um 18.047 þ.kr.

„Þann 16. apríl sl. var skrifað undir samkomulag um launaþróunartryggingu starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið byggir á grunni rammisamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá október 2015, en aðild að samkomulaginu eiga íslenska ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Alþýðusamband Íslands, BSRB og Samtök atvinnulífsins. Markmið samkomulagsins er að tryggja að launaþróun félagsmanna hjá ríki og sveitarfélögum dragist ekki aftur úr launaþróun á almennum markaði en það náði til ársloka 2018. Niðurstöður launaþróunartryggingar eru að félagsmenn ASÍ sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,7 prósentu launaauka og félagsmenn BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum skulu fá 1,5 prósentu launaauka. Launaþróunartryggingin er afturvirk og gildir frá 1. janúar 2019. Kostnaðarmatið miðar við árið 2019 í heild.“

Dagur B. Eggertsson